

Borgarráð 23. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bætt skólaaðstöðu MSS22060180

Fyrir tæpum þremur árum var sett á laggirnar móttökudeild fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd. Um var að ræða skólaúrræðið Birta sem var hugsað sem tilraunaverkefni til þriggja ára. Staðsetning deildarinnar var í samnýttu húsnæði í frístundaheimilinu Álftabæ og félagsmiðstöðinni Tónabæ en starfsmenn deildarinnar og nemendur voru hluti af Álftamýrarskóla. Aðbúnaður fyrir bæði nemendur og kennara hafa bæði verið erfiðar og ábótavant. Birta var hugsuð sem mikilvægur stökkpallur fyrir börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd þar sem mörg þeirra eru með takmarkaða skólagöngu. Flokkur fólksins leggur til að fundið verði fullnægjandi skólaaðstaða fyrir börn hælisleitenda og er þá átt við að aðstæður séu barn- og nemendavænar þannig að vel fari um börnin og kennarana. Kennarar þurfa að geta sinnt börnunum á einstaklingsgrunni jafnt og í hóp. Nægt rými þarf að vera til að geyma kennslugögn, kennslutæki og kennsluefni barnanna auk þess að hengja upp myndir og verk á vegg. Húsnæðið þarf að hafa bæði stór og minni rými og vera búið húsgögnum sem passa börnunum í skólaaðstöðunum

Greinargerð

Nú ríkir óvissa um framhald þessa verkefnis, Birtu sem var þriggja ára tilraunaverkefni. Óvissan og þögn um framhald hefur leitt til þess að allir starfsmenn þess, 6 talsins hafa sagt upp störfum. Með því hefur tapast dýrmæt þekking og reynsla, allt sem búið er að byggja upp. Svo virðist sem úrræðið hafi verið sett á laggirnar og síðan er ekki meira gert, ekki hlúð að því og ekki hugað að óskum og þörfum nemenda og kennara. Fyrir þá sem fylgjast með lítur út sem verkefnið sé að fuðra upp.

Þess vegna er brýnt að farið verði í að finna viðeigandi húsnæði hið fyrsta og koma skólaaðstöðum barna hælisleitenda í fullnægjandi horf til framtíðar. Hælisleitendum er að fjölga og gera má ráð fyrir að nemendur í þessum hópi verði fleiri. Miðað við ástand heimsins þar sem bæði stríð og loftslagsbreytingar rekur fólk til að flýja sínar heimabyggðir má gera ráð fyrir enn meiri fjölgun flóttamanna næstu misseri og um langan tíma.

Upphaflega var gert ráð fyrir að stoðdeildin Birta gæti tekið á móti um 20 til 24 nemendum í einu. Fyrsta árið voru 21 nemandi sem innrituðust í Birtu, síðan á öðru árinu innrituðust 41 nemandi og á þriðja árinu urðu fjöldi nemenda 51. Tímabært er að leggjast yfir heildar framtíðarskipulag þessa verkefnis og húsnæði í tengslum við það.